

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 131/1303*  
*komudagur 14.4.2005*

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. apríl 2005

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum, 74. mál.**

Ölgerðin Egill Skallagrímsson leggst gegn ofangreindu frumvarpi um breytingu á áfengislögum.

Ef frumvarpið verður að lögum munu innlendir framleiðendur áfengis ekki sitja við sama borð og innflytjendur erlendra áfengistegunda. Í skýrslu, sem fylgir með bréfi þessu, sem unnin var af nemendum við Tækniháskólann, kemur fram að aðgengi Íslendinga að erlendum miðlum sem innihalda áfengisauglýsingar er gríðarmikið. Í greinargerð með frumvarpinu er reynt að gera þennan þátt sem minnstan en samkvæmt skýrslunni er raunin allt önnur.

Greinargerðin með frumvarpinu tekur ekki á útsendingum frá erlendum viðburðum, eins og knattspyrnuleikjum, sem eru sýndar á íslenskum sjónvarpsstöðvum. Í meðfylgjandi skýrslu er hins vegar útsendingar frá Evrópumótinu í knattspyrnu síðasta sumar skoðaðar þar sem Carlsberg bjór var aðal styrktaraðili. Samkvæmt skýrslunni horfðu rúmlega 100.000 Íslendingar á útsendingu frá úrslitaleik mótsins þar sem þeir sáu auglýsingar frá Carlsberg í 9,97 mínútur, eða sem nemur 10,4% af sýningartíma leiksins. Úttekt á fleiri leikjum í keppninni er að finna í skýrslunni.

Annað dæmi eru útsendingar frá Meistaradeildinni á Sýn, sem tugir þúsunda Íslendinga horfa á. Þar fær aðalstyrktaraðilinn, Amstel bjór, leikna sjónvarpsauglýsingu fyrir leik, tvisvar í hálfleik og í lok leiks. Þessar birtingar eru sammingsbundnar við UEFA þannig að þessi lög ná ekki að stöðva slíkar birtingar. Auk þessa má nefna auglýsingar á búningum erlendra íþróttaliða, en styrktarsamningum áfengisframleiðenda við íþróttalið í fremstu röð fer sífellt fjölgandi.

Hér er aðeins minnst á knattspyrnu þó svo að fjöldi annarra íþróttagreina vinni ekki síður með áfengisframleiðendum. Nægir þar að nefna golf, kappakstur og handbolta, allt íþróttagreinar sem eru vinsælt sjónvarpsefni á Íslandi.

Í meðfylgjandi skýrslu er einnig tekið á erlendum tímaritum sem fást á Íslandi. Þær niðurstöður eru sláandi. 80% þeirra 27 eintaka sem skoðuð voru (öll fást þau í Hagkaup) voru með áfengisauglýsingum, þar af var um sterkvinsauglýsingu að ræða í 54% tilvika.

Íslenskir framleiðendur eru í raun þeir einu sem fara eftir gildandi lögum, þ.e. þeir taka fram í öllum auglýsingum að um léttöl sé að ræða. Aðrir aðilar gera það ekki og reyna ekki á neinn hátt að samræma sín auglýsingamál íslenskum lögum.

Af ofangreindu má vera ljóst að innlendir framleiðendur munu ekki njóta jafnræðis á við erlenda framleiðendur, og gera það í raun ekki í dag. Því má segja að verði frumvarp þetta að lögum sé verið að auka á ójafnræðið fremur en að draga úr því. Þó svo að Ísland sé eyja erum við ekki einangruð frá umheiminum og því allt of lítið gert úr þætti erlendra fjölmiðla í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu.

Verði frumvarpið að lögum mun það skerða möguleika innlendra framleiðenda til þess að markaðssetja óáfenga vöru sem fæst í matvöruverslunum og hefur verið á markaði um áratuga skeið. Þar með er vegið með alvarlegum hætti að afkomu innlendra framleiðenda og þeim störfum sem þeir skapa í þjóðfélaginu.

Það er fullur skilningur af hálfu Ölgerðarinnar að það þurfi að breyta lögum um áfengisauglýsingar á Íslandi. Sú leið sem fólgin er í frumvarpinu er líklega óskynsamlegasta aðferðin. Í stað þess að herða á banni og reyna að framfylgja því er miklu skynsamlegra að rýmka reglur um áfengisauglýsingar og með þeim hætti að draga úr auglýsingum af því tagi sem flutningsmenn frumvarpsins benda sérstaklega á og felast í óbeinum auglýsingum og misvel dulbúnum. Sjálfsagt og eðlilegt er að setja auglýsingum skorður og væri þá rétt að styðjast t.d. við þær almennu reglur sem Evrópusambandið hefur sett um slíkar auglýsingar sbr. tilskipun ESB nr. 552/1989.

Með erindi þessu fylgir með skýrsla sú sem áður er vitnað í og eru meðlimir allsherjarnefndar eindregið hvattir til þess að kynna sér innihald hennar.

Virðingarfyllt

F.h. Ölgerðin Egill Skallagrímsson

---

Andri Þór Guðmundsson